

Til forráðamanna og stjórnenda hjúkrunarheimila
og annarra sem málið varðar

Reykjavík, 31.3. 2014
Tilvísun: 201403-0157/3.06.01

Vinnufatnaður á hjúkrunarheimilum og á öðrum sambærilegum vinnustöðum


Vinna við hjúkrun og umönnun á hjúkrunarheimilum og sambærilegum vinnustöðum er þess eðlis að hætta getur verið á smiti og sýkingum þegar verið er að hjálpa skjólstæðingum, t.d. á salerni, við böðun, mötun og fleira.

Tryggt þarf að vera að starfsmaður sjálfur sé varinn fyrir þeirri áhættu sem starfinu fylgir, þ.e. sé í viðeigandi vinnufötum og hafi aðgang að persónuhlífum eftir þörfum, sbr. **reglur nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa**, sjá http://www.vinnueftirlit.is/media/sem-heyra-undir-vinnuvernd/497_1994.pdf. Starfsmaður skal ekki bera kostnað af þessum ráðstöfunum enda búnaðurinn eign vinnustaðarins.

Varnir gegn smiti og sýkingum eru einnig mikilvægar frá heilbrigðissjónarmiði m.t.t. til skjólstæðinganna sjálfra en það snýr að heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og Embætti landlæknis.

Allir vinnustaðir eiga að gera **áhættumat varðandi öryggi og heilsu starfsmanna** sbr. lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 65. gr.-66 a. og reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Eðlilegt er að smithætta og smitvarnir komi inn í áhættumatið og forvarnir.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins



Kristinn Tómasson
yfirlæknir



Þórunn Sveinsdóttir
deildarstjóri

Afrit:

ASÍ – Alþýðusamband Íslands
Embætti landlæknis
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag sjúkraþjálfara
Háskólar og framhaldsskólar sem málið varðar
Iðjuþjálfafélag Íslands
Læknafélag Íslands
Samband íslenskra sveitafélaga
Samtök heilbrigðisfyrirtækja
Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu
Sjúkraliðafélag Íslands
Sjúkratryggingar Íslands
Velferðarráðuneytið